

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnabyggðar, nr. 1181/2022.

1. gr.

4. tl. A-liðar 47. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Skipulags- og samgöngunefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um skipulags- og samgöngumál í sveitarfélaginu. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 sem og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni. Nefndin hefur jafnframt eftirlit með störfum byggingarfulltrúa fyrir hönd sveitarstjórnar samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 og verkefni er lúta að samgöngumálum, sbr. vegalög nr. 80/2007.

2. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, nr. I, um fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa. Viðaukinn er birtur með samþykkt þessari.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Húnabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 8. ágúst 2024.

F. h. r.
Guðni Geir Einarsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

VIÐAUKI I
Fullnaðarafgreiðslur byggingarfulltrúa.

Á grundvelli heimildar 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 54. gr. samþykktar þessarar er byggingarfulltrúa falið að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum.

Undanskildar frá slíkum afgreiðslum eru nafngiftir á götum, vegum og torgum. Byggingarfulltrúa er falið að taka ákvörðun um að grenndarkynna mál í neðangreindum málstilvikum þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir. Við ákvörðun sína skal byggingarfulltrúi gæta þess að uppfylla ákvæði laga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmála sem og samþykktir sveitarfélagsins um byggingarmál, enda sé tryggt að byggingarnar séu innan nýtingarhlutfalls sveitarfélagsins skv. aðalskipulagi og skerði ekki hagsmuni aðliggjandi lóðarhafa.

Ef athugasemdir berast við grenndarkynningu skal málinu vísað til skipulags- og samgöngunefndar til afgreiðslu að grenndarkynningartíma loknum en ef engar athugasemdir berast er byggingarfulltrúa heimilt að gefa út byggingarleyfi, án frekari aðkomu skipulags- og samgöngunefndar eða sveitarstjórnar:

- a. Viðbyggingar við sumarhús þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er. Viðbygging er innan byggingarreits og að lágmarki 10 metrar eru frá útvegg viðbyggingar að lóðarmörkum. Ef vafi leikur á lóðarmörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulags- og samgöngunefndar.
- b. Viðbyggingar við íbúðarhús þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er. Viðbygging er innan byggingarreits og að lágmarki 10 metrar eru frá útvegg viðbyggingar að lóðarmörkum. Ef vafi leikur á lóðarmörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulags- og samgöngunefndar.
- c. Viðbyggingar við landbúnaðarbyggingar þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er. Viðbygging er innan byggingarreits og að lágmarki 10 metrar eru frá útvegg viðbyggingar að lóðarmörkum. Ef vafi leikur á lóðarmörkum eða landamörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulags- og samgöngunefndar.
- d. Eitt lítið hús, s.s. gestahús, bílskúr (viðbygging eða stakstæður), vinnustofa o.þ.h. á lóð þar sem þegar er til staðar íbúðar- eða frístundahús, enda sé um að ræða hús sem er hluti þeirrar eignar sem fyrir er á lóðinni og eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:
 1. Húsið er innan byggingarreits eða innan 10 metra frá lóðarmörkum.
 2. Flatarmál hússins sé að hámarki 40 m² eða skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins.
 3. Mesta hæð á þaki húss sé 3,5 metrar, mælt frá yfirborði jarðvegs.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli til skipulags- og samgöngunefndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur, skipulag eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu byggingarfulltrúa skal byggingarfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulags- og samgöngunefndar.